

Yfirlit

68

yfir fjárhag sýsluvegasjóðanna í norður- og austur-umdæminu árið 1881.

[Framhald frá fyrra tölublaði].

Nr.	Gjöld.	Kr. A.
3.	Eyjafjardarsýsla:	
	Vegabótakostnaður	1137 30
	Eign til næsta árs	56 84
		<u>1194 14</u>
4.	Suðurþingeyjarsýsla:	
	Vegabótakostnaður	516 30
	Eign til næsta árs	592 5
		<u>1108 35</u>
5.	Norðurþingeyjarsýsla:	
	Vegabótakostnaður	479 6
	Eign til næsta árs	177 28
		<u>656 34</u>
6.	Norðurmúlasýsla:	
	Vegabótakostnaður	1038 45
	Eign til næsta árs	822 76 1/4
		<u>1861 21 1/4</u>
7.	Suðurmúlasýsla:	
	Skuld frá fyrra ári	1200 >
	Vegabótakostnaður	756 4
	Annar kostnaður	48 >
	Eign til næsta árs	477 96
		<u>2482 ></u>

Skrifstofu norður- og austuramtsins 2. janúar 1883.

J. Havsteen
settur.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um gjafir frá útlöndum til **69**
bágstaddra Íslendinga. — Það skal hjer með tjáð yður, herra landshöfðingi, til þókn-11. apríl.
anlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar, að ráðgjafinn hefur í dag beiðst þess, að veitt
verði móttaka í ríkisfjárhirzluna gegn útborgun sömu upphæðar úr jarðabókarsjóði 300
krónum og 3,066 kr. 97 a. eða alls 3366 kr. 97 a.; hin fyrnefnda upphæð er, einsog
þóknanlega má sjá af hjálögðu útdráttareptiriti af skýrslu hins danska verzlunarfulltrúa
í Amsterdam, gjöf frá prestinum Vermeer í Zwolle í Hollandi til bágstaddra á Íslandi,
en hin síðarnefnda upphæð er fje það, sem safnast hefur í sama tilgangi meðal þjóðskóla-
lærisveina í Svíþjóð, og sem þjer, herra landshöfðingi, hafið afhent ráðgjafanum.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um borgun handa fulltrúa **70**
stjórnarinnar á alþingi 1885 — Samkvæmu allraþegnlegustum tillögum ráðgjafans hefur 22. maí.
hans hátign konunginum 15. þ. m. allramila, gast þóknast að fallast á, að útgjöldin til
fulltrúa stjórnarinnar á hinni reglulegu samkomu alþingis 1885 skuli vera 2000 kr.

Þetta er eigi látið hjá líða hjer með þjónustusamlega að tjá yður, herra
landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og svo að þjer birtið það í B-deild stjórnar-
tíðindanna.

Brjef landshöfðingja til Svend Foyn um skilyrðin fyrir því að mega reka **71**
19. dag júlímánaðar 1883.

24. maí.